

Mál nr. 15/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða við Marteinslaug í Reykjavík þ. 24.11.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.11.1.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 8.2.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2.
3. Bréf V-2 dags 11.2.2013

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á bílaplani við Marteinslaug í Reykjavík. Ökumaður A bakkaði bifreiðinni nokkra leið áður en hún lenti á B, sem var bakkað út úr bílastæði. Báðir ökumenn merkja við tl. 4 á framhlið tjónstilkynningar “Ók út frá bílastæði, lóð, einkavegi e.þ.h.” og ökumaður A einnig við tl. 4 á framhlið tjónstilkynningar “Ók aftur á bak”. Ökumaður A segist hafa bakkað úr bílastæði og hafi þurft að bakka framhjá bílastæðum og B hafi verið að bakka úr bílastæði þegar A hafi lent á B. Ökumaður B segist hafa verið að bakka úr bílastæði og verið að leggja á stað þegar ökumaður A hafi ekið inn í hliðina á A.

Álit.

Báðir ökumenn bakka og verða ekki varir við hitt ökutækið fyrr en árekstur varð. Miðað við fyrirbyggjandi gögn bera báðir ökumenn sök á árekstrinum þar sem þeir gættu ekki nægjanlegrar varkárni þegar þeir bökkuðu í umrætt sinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 26.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.